

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 17/2017

2018/EES/78/17

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/805 frá 20. maí 2016 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar *Streptomyces* K61 (áður *S. griseoviridis*), *Candida oleophila* af stofni O, FEN 560 (einnig kallað gríkkjasmári eða duft úr fræjum gríkkjasmára), metýldekanóat (CAS 110-42-9), metýloktanóat (CAS 111-11-5) og terpenóíðblöndu QRD 460 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 0805**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/805 frá 20. maí 2016 (Stjtíð. ESB L 132, 21.5.2016, bls. 95).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 0805**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/805 frá 20. maí 2016 (Stjtíð. ESB L 132, 21.5.2016, bls. 95).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/805, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtíð. ESB L 132, 21.5.2016, bls. 95.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.